

## **Knattspyrnudeild Vals**

**Efni:** Áfrýjunarbeiðni Vals.

Vísað er til beiðni um áfrýjunarleyfi frá knattspyrnudeild Vals dags. 6. júlí 2022 vegna úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 5. júlí 2022. Samkvæmt e) lið greinar 16.2 skal skriflegri beiðni um að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun í undantekningartilvikum beint til formanns dómstólsins og barst beiðnin réttilega og innan tímamarka á skrifstofu KSÍ þar sem dómstóllinn hefur aðsetur. Feldís Lilja Óskarsdóttir er formaður áfrýjunardómstóls KSÍ.

Beiðni Vals lýtur nánar að því að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 5. júlí 2022 þar sem leikmaður Vals, Guðmundur Andri Tryggvason, var úrskurðaður í tveggja leikja bann vegna atviks sem átti sér stað í leik KA og Vals í Bestu deild karla þann 4. júlí 2022.

Heimild til að áfrýja úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðamál. Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í nánar tilgreindum undantekningartilvikum, sem skýra verður þröngt. Úrskurðum um tveggja leikja bann eða vægari refsingu vegna agabrota verður ekki skotið til dómstólsins, sbr. 16.2 a) liður. Það þarf þriggja leika bann til eða þyngri refsingu til að áfrýjun verði talin heimil. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurðaði leikmann Vals í tveggja leiks bann og þegar af þeirri ástæðu verður þeim úrskurði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ með vísan til greinar 16.2 a).

Í grein 16.2 e) er fjallað um heimild áfrýjunardómstóls KSÍ til að heimila áfrýjun annarra úrskurða í agamálum í undantekningartilvikum ef dómstóllinn telur sérstakar ástæður fyrir hendi. Undantekningarnar frá meginreglunni um að úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum verði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 a)–d). Heimild áfrýjunardómstóls KSÍ nær til annarra úrskurða en þeirra sem þar er sérstaklega fjallað um.

Mál leikmanns Vals er um tveggja leikja bann og því verða að vera sérstakar ástæður fyrir hendi til að heimila áfrýjun úrskurðarins. Í beiðni Vals er það tiltekið að tveggja leikja bann Guðmundar Andra hafi verið gert á grundvelli skýrslu dómara leiksins sem hafi veitt leikmanninum rautt spjald, þar sem leikmaðurinn fór með hönd í andlit markmanns KA. Þá segir í beiðni Vals að þegar myndband af atvikinu er skoðað þá sjáist að enginn ásetningur er hjá Guðmundi Andra Tryggvasyni, leikmanni Vals til að brjóta á markmanni KA, heldur sé um hreint óhappatilvik að ræða þar sem leikmaður Vals slær út báðum höndum sínum, en rekur aðra í andlit markmanns.

Það er hlutverk aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, og eftir atvikum áfrýjunardómstóls KSÍ, að meta einstök agabrot og um alvarleika þeirra. Skulu niðurstöður aga- og úrskurðarnefndar og áfrýjunardómstóls, þegar við á, byggja á lögum og reglugerðum KSÍ, sbr. grein 2.2. Samkvæmt grein 5.5. skal skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns að meginreglu lögð til

grundvallar niðurstöðu í agamálum. Í undantekningartilvikum, ef vafi leikur á atvikalýsingu er aga- og úrskurðarnefnd m.a. heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga vegna agabrota, sbr. síðari málslið greinar 5.5. Sambærilegt ákvæði er að finna í 40. grein agareglugerðar FIFA [FIFA Disciplinary Code] þar sem segir að gera skuli ráð fyrir að staðreyndir sem finna megi í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanna séu nákvæmar en þó megi veita sönnun fyrir ónákvæmni þeirra. Agareglur FIFA eru ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar eftir því sem við á skv. 23. gr.

Í þessu máli byggði aga- og úrskurðarnefnd niðurstöðu sína um tveggja leikja bann Guðmundar Andra á skýrslu dómara. Í skýrslu dómara segir:

*„Leikmaður Vals nr. 14 [Guðmundur Andri Tryggvason] missir af sendingu innfyrir vörn KA, þegar markvörður KA hefur handsamað boltann lyftir leikmaður Vals upp höndinni með þeim afleiðingum að hann fer í andlit markmanns KA og uppsker því rautt spjald“*

Ekki verður talið að myndbrot það, né ljósmynd, sem fylgja beiðni Vals um áfrýjunarleyfi, gefi sérstakt tilefni til nokkurs vafa um atvikalýsingu í skýrslu dómara, sem notuð var til grundvallar niðurstöðu í agamáli Guðmundar Andra. Þá verður ekki talið að umrætt myndbrot eða ljósmynd leiði að því líkum með öðrum hætti að nefndin hafi metið atvikið ranglega.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það mat formanns áfrýjunardómstóls KSÍ að ekki séu fyrir hendi þær sérstöku ástæður, samkvæmt grein 16.2 e), fyrir því að dómstóllinn geti heimilað áfrýjun á tveggja leikja banni Guðmundar Andra Tryggvasonar samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 5. júlí 2022.

Áfrýjunarbeiðni knattspyrnudeildar Vals er hafnað.

Reykjavík, 7. júlí 2022

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]